

Þriðjudaginn 15. maí 1979.

Nr. 4/1978. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**  
 (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)  
 gegn  
**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**  
 (Gunnlaugur Claessen hdl.)

Frávísun. Ágreiningur heyrði ekki undir úrskurðarvald Félagsdóms, sbr. 34. gr. laga nr. 29/1976. Sératkvæði.

### Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. f.m. er höfðað með stefnu útgefni 4. desember 1978.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að eftirtaldir ríkisstarfsmenn, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess, skuli um kaup og önnur starfskjör fara eftir aðalkjarasamningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og öðrum þeim kjarasamningum, sem aðildarfélög bandalagsins standa að:
  - a. Sumarafleysingafólk.
  - b. Starfsmenn, sem ráðnir eru hluta úr ári vegna tímabundinna verkefna.
  - c. Starfsmenn, sem ráðnir eru til starfa án heimilda samkvæmt lögum nr. 97/1974 um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

2. Að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að máli þessu verði vísað frá dómi.

Til vara krefst stefndi, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þrautavarakrafa stefnda er sú, að hann verði sýknaður af kröfum þeim, sem sóknaraðili gerir undir a- og c-lið 1. tl. og 2. tl. kröfugerðar sinnar. Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málflutningur fór fram um frávísunarkröfu stefnda 30. f.m.

Var þess þá krafist af hálfu stefnanda, að frávísunarkröfunni

verði hrundið og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað í þessum þætti málsins.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo, að í 1. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, séu ákvæði þess efnis, að lögin taki til allra starfsmanna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan véband þess og skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf. Sams konar ákvæði séu í lögum nr. 46/1973, sbr. lög nr. 35/1976, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þrátt fyrir þetta ákvæði um að starfsmenn ríkisins, sem eru innan vébanda Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, skuli um laun og önnur starfskjör fara eftir kjarasamningum stefnanda og öðrum þeim kjarasamningum, sem aðildarfélög stefnanda standa að, hafi stefndi ekki fengist til að virða þetta lagaákvæði að því er varðar þá ríkisstarfsmenn, en þeir séu allmargir hjá ríkinu. Í stað þess að láta kaup og önnur kjör þeirra fara eftir kjarasamningum ákveði stefndi þeim laun einhliða. Þannig hafi það tíðkast allt frá árinu 1972, þrátt fyrir ítrekuð mótmæli stefnanda, að stefndi hafi gefið út í launatöflum sínum launataxta unglinga og námsfólks, en þar sé átt við sumarafleysingafólk fyrst og fremst. Margir þeir, sem ráðnir hafi verið til ríkisins til sumarafleysinga, hafi leitað til stefnanda til að bera fram kvartanir. Þeir hafi verið ráðnir af yfirmanni viðkomandi stofnunar og gerðir við þá ráðningarsamningar, þar sem launaflokkurinn hafi verið ákveðinn. Síðan hafi ráðningarsamningurinn farið til launadeilar fjármálaráðuneytisins og þá hafi viðkomandi ef til vill verið lækkaður um 3—5 launaflokka og þannig komið aftan að mönnum. Breytingin komi því ekki til vitundar viðkomandi fyrr en komið sé fram á sumar. Forsendurnar fyrir ráðningunni hafi ef til vill aðallega verið launin, sem allt í einu séu stórlega lækkuð og viðkomandi búinn að glata af tækifærum til að ná sér í betur launaða sumarvinnu. Um aðra þá starfsmenn, sem dómkrafan nær til, gildi það, að þeir séu ekki látnir fara eftir kjarasamningum um kaup sitt og önnur starfskjör. Þeir njóti ekki sambærilegra kjara og aðrir ríkisstarfsmenn, sem verndaðir eru með kjarasamningum. Flest þetta fólk, sem hér um ræðir, sé innan vébanda stefnanda eða aðildarfélaga hans. Það uppfylli þau skilyrði, sem sett eru í 1. gr. laga nr. 29/1976

um félagsaðildina og ennfremur um störf í þjónustu ríkisins. Meðan fólk þetta sé að störfum vinni það fullan vinnudag og starfið sé því aðalstarf meðan það er í þjónustu ríkisins. Það fullnægi þannig einnig skilyrðinu um aðalstarf samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1976. Lögjafinn hafi með lögum nr. 29/1976 tryggt ríkisstarfsmönnum, sem ákvæði 1. gr. laganna taka til, samningsrétt um laun þeirra og önnur starfskjör. Það sé því andstætt ákvæðum laganna, þegar stefndi ákvæði einhliða laun og kjör þess fólks.

Frávísunarkrafa stefnda er byggð á því, að ágreiningsefni það, sem lagt hefur verið fyrir Félagsdóm með málshöfðun þessari, beri undir almenna dómstóla en ekki Félagsdóm. Svo sem fram komi af hálfu stefnanda snúist málið fyrst og fremst um skilning á lögum nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í 1. gr. þeirra laga sé kveðið á um til hvaða starfsmanna ríkisins lögin taki. Meðal þeirra skilyrða, sem þar séu sett fyrir því að samningsréttur Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sé fyrir hendi, sé að starf viðkomandi starfsmanns verði talið aðalstarf. Af hálfu stefnanda komi réttilega fram, að meginágreiningur aðila í máli þessu sé um það, hvort þeir hópar starfsmanna, sem greindir eru í kröfugerð stefnanda, uppfylli þetta skilyrði. Kjarni málsins snúist því raunverulega um túlkun lagaákvæða. Niðurstaða þeirrar laga-túlkunar hafi að sjálfsögðu áhrif á það, hversu víðtækur kjarasamningur aðila teljist, þ.e. hverjir falli undir hann. Það sem hér skipti meginmáli sé, að deilan snúist ekki um skilning á kjarasamningi, sbr. 34. gr. laga nr. 29/1976. Ekki sé spurning um það, hvernig túlka eigi kjarasamninginn sem slíkan eða einstakar greinar hans. Kjarasamningurinn byggji að því leyti algjörlega á skilgreiningu laganna um það, til hverra hann nái. Ágreiningur málsins fjalli um hugtaksatriði í lögnum og úrlausn þess heyri undir almenna dómstóla. Í þessu sambandi beri að líta til ákvæða 1. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en í 1. mgr. sé rakið til hverra lögin nái. Meðal þeirra skilyrða, sem þar séu talin upp, sé að starf starfsmanns verði talið aðalstarf. Í 2. mgr. sé kveðið á um það, að verði ágreiningur um hvort starfsmaður sæti ákvæðum laganna skeri fjármálaráðherra úr. Ef starfsmaður vilji ekki hlíta þeim úrskurði, geti hann borið málið undir dómstóla. Sé ljóst að þar sé átt við hina almennu dómstóla, en ekki Félagsdóm. Í síðari lögjöf, en það komi einkum til álitu lög nr. 55/1962, lög nr.

46/1973 og lög nr. 29/1976, sé ekkert að finna, sem bendi til að dómssvald í slíkum ágreiningsmálum skuli tekið frá almennum dómstólum og fengið Félagsdómi. Í sambandi við frávisunarkröfuna sé einnig rétt að líta til þess, að í kröfugerð sinni fari stefnandi fram á viðurkenningu til handa þremur hópum starfsmanna og þurfi raunverulega að taka afstöðu til þess hvort hver hópur uppfylli skilyrði laganna. Sé mjög vafasamt, að það standist að sækja um viðurkenningu til handa öllum þessum hópum í einu og sama máli.

Krafa stefnanda um að frávisunarkröfu stefnda verði hrundið er byggð á því, að ágreiningsefni máls þessa varði skilning á gildi aðalkjarasamnings aðilanna um, hvort það starfsfólk ríkisins, sem nefnt er í stefnukröfunni, falli undir ákvæði aðalkjarasamningsins. Fólk þetta sé fullgildir félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða aðildarfélaga þess. Falli það allt undir ákvæði aðalkjarasamnings aðila og sérkjarasamninga, sem aðildarfélög stefnanda hafa gert við stefnda. Sé um það að ræða hvort ríkisvaldið geti á eigin spýtur ákveðið laun og önnur kjör þessa starfsfólks eða hvort það njóti sama réttar og aðrir félagsmenn stefnanda. Sé eðlilegt að Félagsdómur dæmi um slíkt ágreiningsefni og sé það í samræmi við ákvæði 34. gr. laga nr. 29/1976, þar sem Félagsdómi sé falið að dæma um skilning á kjarasamningi. Hafi Félagsdómur talið sér heimilt að dæma samskonar ágreiningsefni, er staða stefnanda gagnvart stefnda var ákveðin með lögum nr. 46/1973. Sé það einnig eðlilegur skilningur á ákvæði núgildandi laga um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að Félagsdómur hafi einnig nú dómssvald um slíkt ágreiningsefni, enda sé ekkert komið fram um það, að það hafi verið vilji löggjafans að þrengja dómssvald Félagsdóms. Beri Félagsdómi því að dæma um það, hvort aðalkjarasamningur sá, sem aðilar hafa gert með sér samkvæmt lögum nr. 29/1976, ná til þessa fólks.

Álit dómsins:

Um samningsrétt félagsmanna aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eru nú í gildi ákvæði laga nr. 29/1976. Eru í 4. og 5. gr. laganna ákvæði um fyrirvar bandalagsins og einstakra félaga innan vébanda þess við gerð kjarasamninga, og í 5. gr. laganna er kveðið á um, hvaða ríkisstarfsmenn eigi rétt til að vera félagar bandalagsins eða aðildarfélaga þess. Í 34. gr. laganna er

mælt fyrir um, að Félagsdómur skuli dæma um nokkur ágreinings-efni samningsaðila. Er lagagreinin svohljóðandi:

„Félagsdómur dæmir í málum sem rísa á milli samningsaðila um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi ríkisstarfsmanna, kjörskrárdeilur og hverjir falli undir ákvæði 29. gr. laga nr. 38/1954.“

Líta verður svo á, að um það sé deilt í máli þessi, hvort stefnandi og einstök stéttarfélag innan vébanda hans hafi samkvæmt lögum nr. 29/1976 rétt til að gera kjarasamninga fyrir hönd starfsmanna þeirra, sem greindir eru í kröfugerð stefnanda. Félagsdómur er sér-dómstóll og er ákvæði 34. gr. laga nr. 29/1976 um dómssvald hans fortakslaust. Verður ekki ráðið af orðum ákvæðisins eða forsögu þess, að því hafi verið ætlað að taka til annarra ágreiningsmála en þeirra, sem í því greinir. Þess vegna verður að telja úrlausn um dómkröfur stefnanda liggja utan dómssvalds Félagsdóms. Verður máli þessu því vísað frá dómi.

Eftir öllum atvikum þykir málskostnaður í máli þessu eiga að falla niður.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson, Arnljótur Björns-son, Þorsteinn Thorarensen og Guðmundur Vignir Jósefsson.

#### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

#### S é r a t k v æ ð i Örlygs Geirssonar.

Um það er deilt í máli þessu hvort tilteknir hópar ríkisstarfs-  
manna skuli taka laun samkvæmt kjarasamningum fjármálaráð-  
herra og B.S.R.B.

Hér er því á ferðinni ágreiningur um skilning á kjarasamningi sem skýrt er kveðið á um í 34. gr. laga nr. 29/1976, að Félagsdómur eigi að fjalla um.

Tel ég því að Félagsdómur eigi að fjalla um mál þetta.

Ég tel rétt að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Úrskurðarorð mitt verður því:

Frávísunarkröfu stefnda er hrundið.  
Málkostnaður fellur niður.

### **Dómur Hæstaréttar 14. júní 1979.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Með kæru 21. maí 1979, sem barst Hæstarétti 5. júní s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 kært til Hæstaréttar frávísunardóm Félagsdóms, uppkveðinn 15. maí 1979, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 60.000 krónur.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, 60.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

---